




### Varðar: Bíldshöfði 5A, breytt notkun lóðar vegna uppsetningar hleðslustöðvar

Sótt er um leyfi til að breyta notkun lóðar frá því að vera einungis fyrir bílastæði í því að hluti lóðar sé einnig fyrir AC og DC rafhleðslustöðvar á lóð nr. 5a við Bíldshöfða - L110561.

Meðfylgjandi er undirskrift ábúanda/leigutaka dags. 02.12.2022, samkomulag við Veitur ohf. vegna lagningar jarðstrengja ásamt dreifistöðvar dags. 02.12.2022 og áformálýsing hönnuðar dags. 05.12.2022



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

### Skipulagsleg staða

#### Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er Bíldshöfði 5A á skilgreindu Miðsvæði (M4a). Á miðsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, stjórnslu og skrifstofum en einnig íbúðum, einkum á efri hæðum byggingar. Miðsvæði þjóna ýmis öllu landinu, höfuðborgarsvæðinu öllu eða nokkrum íbúðarhverfum. Á miðsvæðum fer almennt fram fjölbreyttari starfsemi en rúmast á verslunar- og þjónustusvæðum (VP). Í aðalskipulaginu eru miðsvæði borgarinnar flokkuð niður eftir stefnu um meginstarfsemi. Um hvert svæði gildir ákveðin stefnumörkun og grundvallast á mismunandi hlutverki þeirra og staðsetningu í borginni. Á Miðsvæði (M4a) er fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð.

Í gildi er deiliskipulag samþykkt í Borgarráði dags. 31.10.1989, með síðari breytingum. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingar er varðar lóð Bíldshöfða 5a var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 4.8.2010. Í núverandi skilmálum um lóð Bíldshöfða nr. 5a segir að landnotkun er blönduð; þ.e. verslun, þjónusta og athafnahverfi. Bílastæði skulu vera á lóðinni og er kvöð á lóðinni um eitt bílastæði fyrir hverja 50 m<sup>2</sup> gólfplatar í byggingunni.





Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Lóðin Bíldshöfði 5a er skráð í gögnum FMR sem iðnaðar- og athafnalóð og heildarstærð 2546 m<sup>2</sup>. Á lóðinni er skráð fasteign, byggð árið 1992 með notkun sem iðnaðarhús og birt stærð þess 797,7 m<sup>2</sup>.

### **Umsögn/Niðurstaða**

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið. Starfsemin samræmist skipulagsáætlunum.

### **F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

